

**ERINDISBRÉF
FYRIR
UNGMENNARÁÐ EYJAFJARÐARSVEITAR**

**I. kafli.
Skipan ráðsins og hlutverk.**

1. gr.

Ungmennaráð heyrir undir íþróttá- og æskulýðsnefnd og er skipað af sveitarstjórn til eins árs í senn að fengnum tilnefningum sbr. 2. gr. Ráðið er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki, eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Sveitarstjórn óskar eftir að Nemendaráð Hrafnagilsskóla tilnefni samtals fimm fulltrúa og fimmm til vara í ungmennaráð. Samsetning ungmennaráðs skal vera í samræmi við samsetningu nemendaráðs þar sem gæta skal að kynjahlutfalli og aldursdreifingu.

Tilnefningin eigi sér stað fyrir 15. september ár hvert.

Sveitarstjórn staðfestir tilnefninguna skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkar um stjórn Eyjafjarðarsveitar.

3. gr.

Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru eftirfarandi:

- a. Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi málefni sem tengjast ungu fólki sérstaklega.
- b. Að gæta hagsmuna ungs fólks og koma skoðunum og tillögum þeirra á framfæri við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- c. Að veita sveitarstjórn umsögn um málefni er varða hagsmuni og aðstæður ungs fólks.
- d. Að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins.
- e. Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- f. Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.

II. kafli

Fundir ráðsins og starfshættir.

4. gr.

Fundir í ungmennaráði skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef einhver nefndarmanna æskir þess.

5. gr.

Sveitarstjóri boðar fyrsta fund nýskipaðs ungmennaráðs og stýrir honum. Á fyrsta fundi skal kjósa formann og ritara ráðsins og skal formaður ungmennaráðs boða og stýra fundum eftir það. Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar skal vinna með ungmennaráði. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

6. gr.

Fundir ungmennaráðs skulu tölvuskráðir auk skráningar í sérstaka fundargerðarbók. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar, skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Fulltrúar í íþrótt- og tómstundanevnd ásamt sveitarstjórn og sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

7. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem vegna starfa sinna í ungmennaráði hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þeirra eða lögum, hvort sem þau varða einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

8. gr.

Ungmennaráð skal leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Nefndarmenn eru þó aldrei bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

III. kafli.
Réttindi og skyldur nefndarmanna.

9. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir því sem við á ákvæði II. og III., IV og V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og II., III., IV. og V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar, sem staðfest var af innanríkisráðuneytinu 17. september 2013. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

IV. kafli.
Gildistaka.

10. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnisýslulögum nr. 37/1993, samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar frá 17. september 2013 og æskulýðslögum nr. 70/2007, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 28. mars 2019 til að taka þegar gildi.

Samþykkt af sveitarstjórn 22.september 2022